

79. gr.

Allir þeir, sem æskja afgreiðslu fyrir skip, láns á tækjum eða aðstoðar á einn eða annan hátt hjá höfninni, skulu snúa sér beint til skrifstofu hafnarinnar með beiðni þar að lútandi.

Heimilt er hafnarstjóra að neita þeim aðilum um aðstoð eða afgreiðslu, sem eru í vanskilum með gjöld til hafnarinnar, eða eru brotlegir við reglugerð þessa.

80. gr.

Innan hafnargarða má ekki sigla skipum hraðar en sem svarar 5 mílum á klst., nema sérstaklega standi á.

81. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum allt að 25 000.00 krónum, nema þyngri refsing liggji við eftir almennum lögum. Sektir renna í hafnarsjóð.

82. gr.

Með mál út brotum á reglugerð þessari skal fara að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, sbr. lög nr. 41 5. apríl 1948, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi hafnarreglugerð fyrir Hafnarfjarðarkaupstað, nr. 232 29. desember 1961.

Samgöngumálaráðuneytið, 3. janúar 1966.

Eggert G. Þorsteinsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Að fengnum tillögum borgarstjórnar Reykjavíkur hafa verið settar eftirfarandi reglur um umferð, samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 26 frá 2. maí 1958.

- I. Aðalbrautaréttur hefur verið ákveðinn á Nesvegi frá Ægissíðu að borgarmörkum Seltjarnarneshrepps.
- II. Einstefnuakstur hefur verið ákveðinn á Fálkagötu frá Dunhaga að Suðurgötu. Jafnframt verði bifreiðastöður leyfðar beggja vegna götunnar.
- III. Hægri og vinstri beygjur hafa verið bannaðar úr Austurstræti í Pósthússtræti.
- IV. Ákveðin hefur verið stöðvunarskylda á umferð um Hátún gagnvart umferð um Nóatún.

Þetta tilkynnist öllum, sem hlut eiga að máli.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 3. janúar 1966.

Sigurjón Sigurðsson.